

## **Aðalfundur Smalahundafélags Íslands (SFÍ) Holti á Mýrum 28. ágúst 2015 kl. 20:00**

Fundarritari: Elísabet Gunnarsdóttir. Fundarstjóri: Sverrir Möller.

### **1. Skýrsla stjórnar**

Lísa (Elísabet Gunnarsdóttir) fór stuttlega yfir starfið á síðasta ári og það sem af er af þessu ári. Landskeppni á Blönduósi, dómara námskeið því samhliða, bók um tamningu fjárhunda kom út í upphafi árs 2015, unnið var að ISDS inngöngu og var SFÍ samþykkt sem aðildarfélag ISDS á árinu. Hluti félagsmanna gerðust aðildarfélagar ISDS sem gefur þeim rétt á að skrá hunda sína hjá ISDS að undangengnu vinnuþrófi. Lísa nefndi einnig heimildaöflun vegna úrslita móta sem glötuðust þegar nýja heimasíðan var tekin í gagnid – orðið nokkuð ágengt þó enn vanti nokkra árganga. Samskipti stjórnar hafa verið töluverð en óformleg.

Sverrir þakkaði stjórn fyrir að hafa komið þessum málum í gegn.

### **2. Starfsemi deilda**

Svanur fór yfir starf deildar Snæfellsness og Hnappadals. Þar voru haldin 3 dagsnámskeið sem voru vel sótt. Félagið þjónustar nokkuð stórt svæði umfram það sem nafnið gefur til kynna. Hann nefnir að hann finni fyrir aukinni eftirspurn eftir tamningu og tömdum hundum.

Varsi fór yfir málefni Austurlandsdeildar. Hann sagði að starfsemin hefði nokkurn veginn legið niðri. Nokkur eftirspurn væri eftir námskeiðum og þyrfti að gera e-ð til að sinna henni. Hann nefndi að stefnt væri að móti í nóvember.

Varsi kom einnig inn á starf Húnavetninga sem hafa verið að hittast reglulega í vetur í reiðhöllinni á Blönduósi.

### **3. Næsta landskeppni**

Tilmæli stjórnar að Vesturland taki næsta landsmót að sér. Svanur staðfestir það, en segir líklegra að sú keppni verði ekki fyrr en eftir göngur.

### **4. Reikningar stjórnar**

Lísa fór í gegnum ársreikning félagsins vegna ársins 2014

Tekjur: 661.000

Gjöld: 527.349 + 14.449

Hagnaður: 148.100

Eignir: 2.053.476

Skuldir: 138.000 (áætluð tala v. reksturs Snata)

Eigið fé: 1.915.476

Sverrir M útskýrði reksturinn á Snata. Heiðursmannasamkomulag hafi verið gert á milli hans og Jóns Baldurs hjá Bændasamtökunum um 500 kr. á félagmann fyrir almennan rekstur Snata, þjónustu, hýsingu og minni háttar breytingar. Hann taldi þó ekki víst að áætluð gjöld til Bændasamtakanna vegna 2014 komi til gjalda. Jón Baldur hættir um áramót og mikilvægt að gera formlegt samkomulag

fyrir þann tíma. Því verkefni var vísað til stjórnar. Einnig ætluðu Bændasamtökin að hafa tekjur af því að innheimta fyrir útgefin formleg ættbókarskírteini.

Svanur lýsti ánægju sinni með reikningana og stöðu á sjóði.

Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.

## 5. Kosningar

Lísa hafði setið í stjórn í 3 ár. Gaf kost á sér aftur og var klöppuð upp.

Ásta Einarsdóttir varamaður var klöppuð upp.

Ekki þurfti að kjósa um aðra.

## 6. Lið bætt við - Inntaka nýrra félaga

Sjórn var ekki með lista yfir nýja félagsmenn eða þá sem höfðu horfið úr hópnum. Félagatalið er þó uppfært reglulega og á að vera rétt. Sverrir saknaði þess að nýjir félagar væru lesnir upp. Stjórn lofaði að standa klár á þessum lið að ári.

Stefán Helgi Helgason gekk í félagið á fundinum og mun líka gerast aðildarfélagi að ISDS.

Var hann boðinn velkominn sem og aðrir nýjir félagar SFÍ.

## 7. Önnur mál

Staðsetning vinnuþrófsins. Samþykkt var að hafa vinnuþrófin á Suðvesturlandi eða í Borgarfirði til einfalda ferðalag augnlæknis og dómara.

Kostnaður vegna augprófa sem fara fram samhliða vinnuþrófum. Stjórn gerir það að tillögu sinni að félagið greiði ferðakostnað augnlæknis en þátttakendur greiði skoðunargjald við hvern hund.

Samþykkt samhljóða. Mikilvægt að allir félagar fái tækifæri til að mæta í augnþrófin hafi þeir áhuga.

Sverrir kom með tillögu um að lesnar yrðu upp samþykktar keppnisreglur SFÍ til upprifjunar. Lísa gerði það. Rætt var lauslega um keppnisreglurnar, engar breytingar gerðar.

Lísa kynnti tillögu að verklagsreglum við vinnueðlismat SFÍ. Stjórn falið að ganga frá reglunum og endurskoða með tilliti til ISDS vinnuþrófa ef þurfa þykir.

Fundurinn kom á framfæri þakklæti til Lísu vegna vinnuframlags í tengslum við ISDS og aðkomu hennar að útgáfu bókar um tamningu fjárhunda.

Samþykkt var að Lísa fengi tækifæri til að hreinskrifa fundargerðina og senda á þá sem mættu á fundinn. Ef ekki kæmu athugasemdir innan viku teldist fundargerðin samþykkt.

**Mættir:** Halla Guðmundsdóttir, Svanur Guðmundsson, Marzibil Erlendsdóttir, Stefán Helgi Helgason, Agnar Ólafsson, Sverrir Möller, Þorvarður Ingimarsson, Elísabet Gunnarsdóttir, Jón Geir Ólafsson. Gestur á fundinum var Ross Gamesy dómari.

Fundi slitið 21:48